

löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 12 kr. til hvors fyrir flutning málsins. Meðferð málsins í hjeradi hefur verið vítalaus, og sókn og vörn þess við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærða Helga Helgadóttir á af sóknarans ákærum í þessu máli sýkn að vera, að öðru leyti á undirrettarins dómur, að því er hana snertir, óraskaður að standa. Svo ber og ákærðu að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómnum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Guðmundar Pálssonar, 12 kr. til hvors, fyrir að hafa flutt þar málið. Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 33/1876:

Sumarliði Sumarliðason
gegn

Þorsteini Þorsteinssyni.

Dómur.

Með gestarjettardómi, kveðnum upp af sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu 23. júlí f. á., er Sumarliði gullsmiður Sumarliðason í Æðey skyldaður til að afhenda Þorsteini bakara Þorsteinssyni með löglegu afsalsbrjefi 4 hndr. og 20 áln. eptir gömlu mati úr eyjunni Æðey með öllum herlegheitum til sjávar og lands, og öll þau hús, er tjeður Sumarliði á standandi á Æðey, með tilheyrandi ofnum, matreiðsluvjel og öllu múr- og naglföstu, fyrir 5000 kr., og er 2 kr. sekt við lögð fyrir hvern þann dag, er hann óhlýðnist þessu; svo skyldi hann og greiða Þorsteini Þorsteinssyni allan arð af jarðarpartinum frá far-

dögum 1875 til þess afhendingin fram færi, og allan af sökinni leiðandi kostnað; og loks eru nokkur meiðyrði, er stóðu í málsskjölunum um hann (Þorstein) dæmd ómerk. Þessum dómi hefur Sumarliði skotið til yfirdómsins, og krafizt fyrst og fremst, að öll meðferð málsins í hjeraði verði dæmd ómerk, eða að hann að öðrum kosti verði dæmdur sýkn af kröfum hin stefnda. Að því nú ómerkingarkröfu áfrýjandans snertir, þá verður hún eigi tekin til greina, því bæði verða menn að álíta, að menn geti, er svo stendur á, sótt mál sín hjer á landi fyrir gestarjetti eptir löggjöfinni, og svo er ekkert það fram komið í þessu máli, er gjöri það, að það eigi hafi mátt sækjast sem gestarjettarmál. Hvað nú þar næst snertir málsefnið sjálft, þá byggir hinn stefndi kröfu sína á skjali, dagsettu á Ísafirði 27. apríl 1874, er áfrýjandinn á að hafa gefið, og er þar undir nafn áfrýjanda og tveggja vitundarvotta; annars hefur frumritið eigi komið fram fyrir yfirdóminn. Í skjali þessu lofar Sumarliði Sumarliðason að selja hinum stefnda 4 hndr. og 20 ál. að fornu mati, sem hann sje eigandi að í Æðey með öllu því, er þeim fylgt hefur og fylgja ber, og öllum þeim húsum, er hann eigi á Æðey, eins og þau þá þar fyrirfyndust ásamt kakkalofnum og komfyri og öllu múr- og naglföstu, fyrir umsamið verð 2500 rd., svoleiðis, að hann skyldi selja og afhenda hið ofannefnda í fardögum 1875, ef hann þá fengi borgun í peningum eða ávísunum, er hann vildi antaka; en er hinn stefndi kom með peningana, vildi áfrýjandinn eigi taka við þeim, eða afhenda það, er brjefið hljóðar um. Sjer til málbóta hefur áfrýjandinn skýrt svo frá, að hann hafi verið að drekka inni hjá hinum stefnda þennan dag, og að hann ekki geti munað eptir, að hafa undirskrifað áminnzt brjef. Að vísu hafa nú vottarnir borið það, að áfrýjandinn hafi undirskrifað brjefið, en

annar þeirra hefur eigi verið látinn eiðfesta vitnisburð sinn, þar eð hann var álitinn vilhalla vitni, sökum mægða við hinn stefnda; af málsfærslunni virðast líkur til að álíta, að nafn áfrýjandans eigi muni vera ritað á þann hátt, sem hann er vanur að rita það, og virðist því rjettast, að útfall málsins sje látið koma undir synjunareið áfrýjanda, þannig, að hann sje sýkn fyrir kröfum hins stefnda, ef hann vinnur þann eið, að hann eigi hafi skrifað nafn sitt undir áminnt brjef; en vinni hann eigi eiðinn, sje hann skyldur að afhenda fyrnefnd jarðarhundruð hinum stefnda. — Að því er snertir kröfur hins stefnda um arð af jarðarpartinum frá fardögum 1875, þá virðast ekki nægar ástæður fram komnar til að taka þær til greina.

Undirrjettarins dóm ber að staðfesta um ómerkingu hinna þar í nefndu meiðyrða. Málskostnaður virðist eptir kringumstæðum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Ef áfrýjandinn, Sumarliði Sumarliðason, að undangenginni löglegri stefnu, innan rjettarins vinnur þann eið, að hann eigi hafi undirskrifað hið umrædda skjal, dags. 27. apríl 1874, á hann að vera sýkn af kröfum hins stefnda, Þorsteins Þorsteinsonar, í þessu máli; en treysti hann sjer eigi að vinna eið þennan, á hann, undir 2 kr. daglega sekt til Snæfjallahrepps fátækra sjóðs, að afhenda hinum stefnda með löglegu afsalsbrjefi 4 hndr. og 20 ál., eptir gömlu mati, úr Æðey, með öllum herlegheitum til sjávar og lands, og öll þau hús, sem áfrýjandinn á þar standandi, með tilheyrandi ofnum, matreiðsluvjel og öllu múr- og naglföstu fyrir

5000 kr., borgaðar út í hönd. Undirrjettarins dóm ber að staðfesta, að því er snertir ómerkinguna á meiðyrðum þeim, er þar eru nefnd. Málskostnaður falli niður fyrir báðum rjettum. Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. septembermán.

Nr. 10/1877: Jón landshöfðingjaritari Jónsson
 gegn

Jóni bónda Magnússyni á Kúludalsá.

Dómur.

Með dómi bæjarþingsrjettarins í Reykjavík, uppkveðnum þann 4. janúar þ. á., var áfrýjandinn í sök þessari, landshöfðingjaritari Jón Jónsson, sem settur lögreglustjóri í fjárkláðamálinu, dæmdur til þess að greiða Jóni bónda Magnússyni á Kúludalsá í skaðabætur 64 kr., en málskostnaður látinn falla niður. Voru honum tildæmdar skaðabætur fyrir þá sök, að 4 sauðir fullorðnir, er hann átti, höfðu verið handsamaðir nokkru fyrir miðjan júlí f. á., ekki all-langt frá Hvítá, er þeir höfðu farið frá Kúludalsá gegnum Skorradalsvörð, er settur hafði verið til þess, að varna fjársamgöngum. Var sauðunum haldið í geymslu nokkra daga, en eptir skipun áfrýjandans, dags. 17. júlí f. á., voru þeir skornir, skyldi afurðunum haldið til eigandans, en hann átti að greiða allan kostnaðinn við kindatökuna.

Dómi þessum hefur nú áfrýjandinn skotið til yfir dóms, og gjört þá aðalrjettarkröfu, að máli þessu verði frávísað fyrir þá sök, að fullnaðardómur hafði áður gengið í sök þessari fyrir lögreglurjetti, er hinn setti lögreglustjóri í fjárkláðamálinu hefur upp kveðið að Heynesi